

Reykjavík 17. júlí 2016

Bæjarstjórn Garðabæjar

Garðatorgi 7

210 Garðabær

og

Heilbrigðiseftirlit Hafnafjarðar- og Kópavogssvæðis

Garðatorgi 5

210 Garðabær

Efni: Aðstæður barna á skólalóð Sjálandsskóla Garðabæ

Undirrituð eru foreldrar ungra barna sem munu hefja nám í Sjálandsskóla haustið 2016. Af því tilefni viljum við koma á framfæri áhyggjum okkar um að aðstæður á skólalóðinni séu að einhverju leyti ekki til þess fallnar að tryggja öryggi barna sem sækja skólann. Við óskum jafnframt eftir að gerðar verði viðeigandi breytingar á skólalóðinni þannig öryggi barnanna sem sækja skólann verði betur tryggt og að fullnægt sé kröfum laga og reglna, s.s. *grunnskólalaga nr. 91/2008, reglugerðar nr. 657/2009 um gerð og búnað grunnskólahúsnæðis og skólalóða, reglugerðar um öryggi leikvallartækja og leiksvæða og eftirlit með þeim nr. 942/2002 og barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.*

1. Beiðni um að fjarlægja stór grjót sem hlaðið hefur verið upp í stóra, háa grjóthrúgu af skólalóð Sjálandsskóla í Garðabæ.

Það hefur verið áhyggjuefni okkar að stór grjót sem er hlaðið upp í stóra grjóthrúgu á skólalóð Sjálandsskóla sé hugsuð sem leiktæki fyrir börn, þar sem hún er á leiksvæði skólans.

Þessi grjóthrúga á skólalóðinni er uppsett á þann hátt að það skapast veruleg hættu á því að börn falli niður af henni. Það högg sem 6 ára barn myndi verða fyrir af slíku falli niður á jörð eða á annað grjót gæti mögulega verið banvænt og er því hættan mjög mikil.

Á veturna safnast fyrir raki og jafnvel klaki sem gerir hættuna enn meiri, þannig að börn geta runnið til í bleytu eða hálku og þannig dottið niður af henni ef þeim skrikar fótur.

Svo stór grjóthrúga skapar svo mikla hættu að ekki er við hæfi að hafa hana á skólalóð, þar sem börn allt frá 6 ára aldri eru að leika sér og biðjum við því um að hún verði fjarlægð.

Í 2-4. mgr. 20. gr. grunnskólalaga nr. 91/2008 kemur fram að grunnskólahúsnæði og skólalóðir skuli uppfylla þær kröfur sem gerðar eru í lögunum. Allur aðbúnaður skal taka mið af því að tryggja öryggi og vellíðan nemanda og starfsfólks. Ráðherra setur reglugerð þar sem nánar er kveðið á um aðstöðu, búnað, slysavarnir og öryggismál í grunnskólahúsnæði og á skólalóðum.

Í 3. gr. reglugerðar nr. 657/2009 um gerð og búnað grunnskólahúsnæðis og skólalóða kemur fram að allur aðbúnaður á skólalóð þarf að vera þannig að nemendum og starfsfólki skólans sé tryggt öruggt og heilsusamlegt vinnuumhverfi sem skapar öryggi og vellíðan þeirra svo sem varðandi leikaðstöðu og annan búnað.

Nánar er þetta útfært í reglugerð nr. 942/2002 um öryggi leikvallartækja og leiksvæða og eftirlit með þeim en þar kemur fram í 6. gr. að ekki má staðsetja leiksvæði þar sem ætla má að börnum geti stafað hættu eða ónæði af umhverfinu svo sem frá umferð, vegna fallhættu, hruns eða hættu á drukknun.

Í viðauka II um öryggi leiksvæða við reglugerð nr. 942/2002 kemur fram í 1. lið að leiksvæði skulu vera þannig hönnuð og frágengin að minnsta mögulega hættu sé á að börn verði fyrir slysi á svæðinu.

Í 2. lið viðauka II við reglugerð nr. 942/2002 kemur fram að séu hlutir úr náttúrunni notaðir sem leikvallatæki eða sem hluti þeirra gilda sömu kröfur um þau og önnur leikvallatæki, eftir því sem við á.

Einnig kemur fram í 3. lið viðauka II við reglugerð nr. 942/2002 að yfirborðsefni á leiksvæðum skulu valin með tilliti til hálfu og falls og viðeigandi skil skulu vera á milli mismunandi yfirborðsefna.

Í 6. lið viðauka II við reglugerð nr. 942/2002 segir að sé hluti leiksvæðis náttúrulegt svæði skal það yfirfarið og gengið þannig frá því að minnsta mögulega hættu sé á að börn verði fyrir slysi á svæðinu.

Strangar kröfur gilda um öryggi leikvallartækja og koma þær meðal annars fram í 9 gr., 10 gr. og 11. gr. reglugerðar nr. 942/2002.

Í 10. gr. reglugerðar 942/2002 kemur fram að hönnun, framleiðsla, frágangur og viðhald leikvallatækis og fallflatar þess skal vera þannig að minnsta mögulega hættu sé á að börn verði fyrir slysi af leik í tækinu þegar það er notað eins og til er ætlast eða eins og búast má við að það sé notað. Þar sem það á við skulu leikvallatæki sérstaklega merkt hvaða aldri barna þau eru ætluð.

Það er ljóst að grjóthrúgan á skólalóð Sjólandsskóla nær undir 2., 3., og 4. lið viðauka II reglugerðar nr. 942/2002 sem hluti úr náttúrunni sem notuð eru sem leikvallartæki. Það er því ljóst að sömu kröfur gilda um þessa grjóthrúgu og önnur leikvallartæki. Ljóst er að með tilliti til 10. gr. reglugerðar nr. 942/2002 stenst umrædd grjóthrúga ekki þær kröfur sem lögin gera um öryggi barna á skólalóðum. Þar sem fram kemur í 10. gr. að sem minnsta mögulega hættu skuli vera að börn verði fyrir slysi af leik í tækinu.

2. Beiðni um að skólasvæðið sé betur girt af í samræmi við þær kröfur sem lög og reglur gera.

Í 6. gr. reglugerðar nr. 942/2002 um umhverfi kemur fram að ekki megi staðsetja leiksvæði þar sem ætla má að börnum geti stafað hættu eða ónæði af umhverfinu svo sem frá umferð, vegna fallhættu, hruns eða hættu á drukknun.

Aðkoma að svæðinu fyrir gangandi, hjólandi og eftir atvikum akandi vegfarendur skal vera þannig að ekki skapist óþarfa hætta á og við leiksvæðið.

Umferð vélknúinna farartækja er bönnuð á leiksvæðum utan þess sem nauðsyn krefur, svo sem vegna viðhalds eða endurnýjunar tækja og búnaðar.

Hindra skal að börn geti hlaupið beint út af leiksvæði þar sem umferð er.

Í 9-lið viðauka II við reglugerð nr. 942/2002 kemur fram að staðsetja skuli hjólastíga á leiksvæðum þannig að þeir liggja ekki um lágmarksrými leikvallatækja. Þeir skulu vera minnst 120 cm breiðir, halli skal vera hæfilegur og hafa skal hindranir meðfram þar sem hætta er á falli. Lágmarksrými er það rými sem þörf er á umhverfis tækið svo hættulaust sé að nota það.

Leiksvæðið á skólalóð Sjólandsskóla hefur verið girt af að hluta til. Það er hins vegar hluti af skólalóðinni sem hefur ekki verið girtur af, með tilliti til umferðar um Vífilstaðaveg. Jafnvel þó að umferð um Vífilstaðaveg á þeim hluta, sem liggur að skólalóð Sjólandsskóla eigi að vera hæg, þá er raunin sú að bílar keyra ansi hratt fram hjá skólalóðinni. Það er því lagt til að sá hluti skólalóðar sem liggur meðfram Vífilstaðavegi, sem ekki hefur verið girtur af með tilliti til bílaumferðar verði girtur af til að hindra að börn geti hlaupið beint út af leiksvæðinu þar sem umferð er, sbr. 6. gr. reglugerðar nr. 942/2002.

Með tilliti til hættu á drukknun, sbr. í 6. gr. reglugerðar nr. 942/2002, er ljóst að það þarf að girða af bæði þann hluta skólalóðarinnar sem snýr að læk sem rennur gegnum skólalóð Sjólandsskóla auk þess svæðis skólalóðarinnar sem liggur að sjó.

Það leiksvæði skólans sem liggur að sjó þarf að girða af bæði vegna hættu á drukknun auk hættu á falli sbr. 6. gr. reglugerð nr. 942/2002 og 9-lið viðauka II við reglugerð nr. 942/2002. Þar sem bæði er hætta af drukknun auk þess sem það vantar að hafa hindranir meðfram hjólastígnum á leiksvæðinu þar sem hætta er af falli.

Það eru mörg börn sem koma hjólandi í skólann og það er smá hluti af hjólastígnum sem snýr að sjó og hætta á því að barn detti fram af brúninni, niður á ströndina eða út í sjó.

Með von um skjót viðbrögð.

Virðingarfyllt,

Tinna Rún Einarsdóttir, Strandvegi 5, Garðabær. Gsm 8668985, tinneinars@gmail.com

Viðar Helgasson, Strandvegi 5, Garðabær. Gsm 8922244, viddihelga@gmail.com

Hrönn Hrafnkelsdóttir, Grjótás 2, Garðabær. Gsm 8987810, hronnhraf@internet.is

Björn Björnsson, Grjótás 2, Garðabær. Gsm 6933855.